

hefir farið á milli viðvikjandi dvöl ákærða í gisti-  
húsinu og greiðslu dvalarkostnaðar hans þar. Svo  
ber og rannsóknardómaranum að útvega aðrar  
þær skýrslur, er framhaldsrannsóknin kann að  
gefa tilefni til að leita.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Rannsóknardómaranum ber að útvega fram-  
angreindar skýrslur svo fljótt sem auðið er.

Föstudaginn 23. okt. 1931.

Nr. 62/1931. **Réttvísni** (Magnús Guðmundsson)

gegn

**Magnúsi Hannessyni** (Eggert Claessen).

Þjófnaður og fölsun.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. apríl  
1931: Ákærður, Magnús Hannesson, sæti fangelsi við  
venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði. Hann greiði og Elísa-  
betu Eiríksdóttur 2000 krónur með 5% ársvöxtum frá 29.  
janúar síðastliðnum innan 15 daga frá lögbirtingu dóms  
þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar með  
talinn kostnaður við gæzluvarðhald hans.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Þótt rannsókn máls þessa sé að því leyti ábóta-  
vant, að ekki hefir verið lagður fram í málinu út-  
tektarseðill sá, er ákærði ritaði til að fá peningana  
útborgaða í bankanum og undirritaði með fölsuðu  
nafni, að ákærði hefir ekki verið látinn gera nán-  
ari grein fyrir því af hinu stolna fé, er hann kveðst  
hafa notað til skuldagreiðslu og til eyðslueyris, og

að ekki er rannsakað, hvort framburður hans um þetta er réttur, þykir þó eigi næg ástæða til að vísa málinu heim til frekari rannsóknar, með því að fyrir liggur skýr og afdráttarlaus játning ákærða um glæpinn.

Brot ákærða ber að heimfæra undir 6. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928 og 27. gr., sbr. 270. gr. hinna almennu hegningarlaga, og ákveðst refsing hans 10 mánaða betrunarhússvinna.

Ákvæði aukaréttardómsins um skaðabætur til Elisabetar Eiríksdóttur og um málskostnað í héraði ber að staðfesta.

Ákærða ber og að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, er ákveðast 60 kr. til hvors.

Það athugast, að ákærði hefir aðeins tvisvar sinnum, hinn 9. og 17. febr., verið leiddur fyrir rétt á þeim rúmunum mánuði, er hann hefir setið í gæzluvarðhaldi.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Hannesson, sæti 10 mánaða betrunarhússvinnu. Ákvæði aukaréttardómsins um skaðabætur til Elisabetar Eiríksdóttur og um málskostnað staðfestast.

Svo ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Eggerts Claessen, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Magnúsi Hannessyni, sjómanni, til heimilis á Laugaveg 78, fyrir brot gegn ákvæðum 23. og 27. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 frá 1928 um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöf-  
inni og viðauka við hana.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina: Hinn 4. febr. síðastliðinn kom Elisabet Eiríksdóttir, straukona, Aðalstræti 9 B á lögreglustöðina og tilkynnti, að hún hefði kvöldið áður orðið þess áskynja, að viðskiptabók hennar við Landsbanka Íslands með innstæðu tæpum 4000 krónum var horfin, en hún hafði geymt bók þessa í peningakassa í kommóðuskúffu í herbergi sínu. Var kommóðuskúffan læst, en lykillinn stóð í skránni. Peningakassinn var einnig læstur, en lykillinn að honum lá í sömu kommóðuskúffu og kassinn. Elisabet kveðst hafa farið í Landsbankann til þess að láta vita um hvarf bókarinnar og fyrirbyggja að tekið yrði úr henni. En þá kom í ljós að hinn 29. janúar síðastliðinn höfðu verið teknar út úr bókinni 2000 krónur, af manni sem skrifaði sig Kristján Eiríksson, en Elisabet kveðst ekkert kannast við mann með slíku nafni.

Til upplýsingar á máli þessu gat Elisabet þess, að ákærður í þessu máli, Magnús Hannesson, mundi hafa vitað að hvar sparisjóðsbók hennar var geymd, kvaðst hún þekkja hann nokkuð, og hafa tvisvar sinnum lánað honum peninga, og hefði hann í bæði skiptin fengið sparisjóðsbók hennar til þess að taka út úr henni. Einnig hefði hann nú upp á síðkastið tvisvar beðið um peningalán, en hún synjaði honum þess í bæði skiptin.

Lögreglan náði samstundis í ákærðan. Hann játaði viðstöðulítið að hafa stolið umræddri sparisjóðsbók. Kvað hann herbergi Elisabetar hafa verið ólæst, er hann fór inn. Vissi yfirh. að sparisjóðsbókin var geymd í kommóðuskúffunni og opnaði hana, fann lykilinn að peningakassanum í kommóðuskúffunni, opnaði kassann og tók úr honum sparisjóðsbókina, fór með hana beina leið niður í Landsbanka Íslands og tók úr henni 2000 krónur. Undir úttektarseðilinn í Landsbankanum skrifaði ákærður Krist-

ján Eiríksson, en sá maður er ekki til, og fann ákærður þetta nafn upp hjá sjálfum sér.

Er ákærður hafði fengið þessa peninga, kveðst hann hafa borgað hinum og þessum mönnum skuldir fyrir ca. 300 krónur. Var síðan á stöðugu fyllirii og eyddi í það eitthvað á fjórða hundrað krónum. Daginn, sem hann var tekinn af lögreglunni, kveðst hann hafa verið með sparisjóðsbókina í vasanum og voru í henni eftirstöðvar þeirra peninga, sem hann tók út úr bókinni, kr. 1350. — Ákærður kveðst hafa verið orðinn svo hræddur um það, að hann yrði tekinn með bókina á sér, að hann kveðst þennan dag kl. 6 hafa farið niður á svokallaða Kveldúlfsbryggju hér í bænum og kastað bókinni með peningunum eins langt og hann gat út í sjó. Með því að þessi framburður ákærða þótti næsta ósennilegur var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald að afloknu fyrsta réttarhaldinu hinn 5. febrúar síðastliðinn. Var síðan gerð húsrannsókn heima hjá honum, en hvorki fannst þar sparisjóðsbókin né heldur peningar.

Var ákærðum haldið í gæsluvarðhaldi fram til 9. marz og var hann oft yfirheyrður fyrir rétti og utan réttar niðri í klefa sínum. Hann hefir ávallt mjög staðfastlega haldið við þann framburð sinn, að hann hafi kastað sparisjóðsbókinni með peningunum í sjóinn. Jafnframt hefir hann ávalt haldið fast við það, að herbergi Elísabetar hafi verið ólæst er hann kom að því.

Elísabet Eiríksdóttir og sambýliskona hennar, Anna Lárusdóttir, hafa hinsvegar borið það, að það geti ekki átt sér stað að herbergið hafi verið ólæst, þær noti sama lykilinn báðar, sem Elísabet geymi, og hún hafi aldrei gengið frá herberginu ólæstu. En þrátt fyrir þennan framburð þeirra verður það eigi talið útilokað, að Elísabet kunní að hafa gengið frá herberginu ólæstu, og vérður því eigi talið sannað gegn mótmælum ákærðs, að hér sé um innbrot að ræða.

Elísabet Eiríksdóttir hefir gert þá kröfu, að ákærður verði dæmdur til að greiða sér fjárhæð þá, sem hann tók út úr bókinni, ásamt vöxtum frá þeim degi, sem hann tók hana út.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur

6. febrúar 1899. Hann var með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkv. 11/1927, dæmdur í 400 króna sekt fyrir brot á bannlögum og samkvæmt hegningarovottorði Árnessýslu hefir hann veturinn 1911—12, þá 13 ára, verið riðinn við þjófnað úr Einarshafnarverzlun á Eyrarbakka og í sambandi við það komið til dvalar í sveit.

Framantalin brot ákærða ber að álitu dómars, að heimfæra undir 6. grein laga nr. 51 frá 1928 og 277. grein almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 6 mánuði.

Ennfremur greiði hann innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa til Elísabetar Eiríksdóttur 2000 krónur með 5% ársvöxtum frá 29. janúar síðastliðnum.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 28. okt. 1931.

Nr. 89/1930. **Johan Bjarkoy** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Helga Benediktssyni, f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja, h/f**  
(Guðm. Ólafsson)

Frávisun.

Stefndur, Johan Bjarkoy, Sólheimum hér, greiði stefnanda, Helga Benediktssyni, hér f. h. Verzlunarfélags Vestmannaeyja h.f. hér, kr. 628.41 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1930 til greiðsludags og málskostnað með kr. 89.00.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birting hans að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með stefnu, dags. 1. maí 1930, höfðaði stefndi, Helgi Benediktsson, f. h. Verzlunarfélags Vest-